

**FYRSTA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 18. apríl 1978****um breytingu á viðaukum við tilskipun 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns****(78/387/EBE)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/55/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ber að breyta I., II. og III. viðauka við áður nefnda tilskipun af ástæðum sem fram koma frá hér á eftir.

Laga ber skilyrði fyrir vottfestingu maískorns að núverandi alþjóðlegu kerfi fyrir vottfestingu sáðkornafbrigða.

Til að bæta gæði sáðkorns ber að setja ákvæði um skilyrði að því er varðar afbrigði sem hafa verið ræktuð á staðnum áður.

Til að bæta erfðagildi sáðkorns ber að setja ákvæði um hreinleikastaðal sem ræktun annarra tegunda verður að uppfylla.

Laga ber tiltekna staðla sem hrísgrjón verða að uppfylla að þeim gæðum sem venjulega nást í sáðkornum.

Til að uppfylla skilyrði um opinbera athugun á sáðkorni, sem fram fer í samræmi við þær aðferðir sem í gildi eru á alþjóðavettvangi, er nauðsynlegt er að endurskoða tiltekin ákvæði.

Nú sem stendur hefur ekki reynst kleift að samhæfa fullkomlega innan bandalagsins skilyrði sem eiga við *Avena fatua*. Reynt verður þó, fyrir 1. júlí 1983, að herða skilyrðin sem mælt er fyrir um, að því er þetta varðar, í tilskipun 66/402/EBE, til að koma á fullkominni samhæfingu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 66/402/EBE:

1. I. viðauki verði svohljóðandi:

„I. VIÐAUKI

**SKILYRÐI SEM FRÆAKRAR VERÐA AÐ UPPFYLLA**

1. Á akrinum mega ekki hafa verið ræktaðar jurtir sem samrýmast ekki ræktun sáðkorns af viðkomandi jurtategundum og -afbrigðum og akurinn skal vera laus við sjálfsáningu jurta úr fyrri ræktun.
2. Akrarnir skulu uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum fjölgjöfum sem gætu orsakað óæskilega utanaðkomandi frævun:

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 16, 20. 1. 1978, bls. 23.

Afbrigði	Lágmarks- fjarlægð
1	2
<i>Phalaris canariensis, Secale cereale:</i>	
— við ræktun stofnsáðkorns	300 m
— við ræktun vottaðs sáðkorns	250 m
Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> L.)	200 m

Ekki þarf að virða fjarlægðarmörkin ef nægileg vernd er gegn óæskilegri utanaðkomandi frævnun.

3. Ræktunin skal vera ósvikin og hrein miðað við afbrigði eða, þegar um skyldleikaræktaða línu af sykurmaís er að ræða, ósvikin og hrein miðað við einkenni.

Við framleiðslu sáðkorns frá sykurmaísblendingum (*Zea mays* L.) skulu ákvæðin hér að framan einnig gilda um þáttaeinkenni, þar með talið karl-ófrjósemi eða endurvakningu frjósemi.

Einkum skal ræktun *Phalaris canariensis, Secale cereale* og *Zea mays* samræmast eftirfarandi stöðlum eða öðrum skilyrðum:

A. *Phalaris canariensis, Secale cereale:*

Fjöldi jurta af tegundinni sem greinilega samsvara ekki afbrigðinu má ekki vera meiri en:

- einn á 30 m<sup>2</sup> við ræktun stofnsáðkorns,
- einn á 10 m<sup>2</sup> við ræktun vottaðs sáðkorns.

B. Sykurmaís (*Zea mays* L.):

- a) hlutfall af fjölda þeirra jurta sem greinilega samsvara ekki afbrigðinu, skyldleikaræktaðu línunni eða þættinum má ekki vera meiri en:

aa) við ræktun stofnsáðkorns:

- i) skyldleikaræktaðar línur, 0,1%,
- ii) hver þáttur einblendings, 0,1%,
- iii) afbrigði með frjálstri frævnun, 0,5%;

bb) við ræktun vottaðs sáðkorns:

- i) blendingspættir:
  - skyldleikaræktaðar línur, 0,2%,
  - einblendingur, 0,2%,
  - afbrigði með frjálstri frævnun, 1,0%,

- ii) afbrigði með frjálstri frævnun, 1,0%;

- b) við framleiðslu sáðkorns frá blendingum skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- aa) karlþáttur jurtarinnar skal gefa frá sér nægilegt frjómagn á meðan kvenþáttur jurtarinnar er í blóma;

- bb) gelding skal framkvæmd, ef þörf krefur;

cc) ef 5% eða stærri hluti jurtakvenþáttarins hefur móttækilegar frænur skal hlutfall kvenþáttarins sem hefur losað eða er að losa frjó ekki fara yfir:

- 1% við opinbera akurskoðun, og
- 2% samtals í öllum opinberu akurskoðunum

Jurtir teljast hafa losað frjó eða vera að losa frjó ef frjóhnapparnir hafa, á að minnsta kosti 50 mm löngum kafla á miðsprotanum eða hliðum puntsins, losað sig við hismið og hafa losað frjó eða eru að því.

4. Skaðlegum lífverum sem draga úr nýtingargildi sáðkorns, einkum Ustilagineae, skal haldið í lágmarki.
5. Með opinberum akurskoðunum er haft eftirlit með því að framangreindum stöðlum eða öðrum skilyrðum sé fylgt.

Þessar akurskoðanir skulu fara fram í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

A. Ræktunarskilyrði á akrinum skulu vera þannig og ræktunin komin það vel á veg að akurskoðun geti farið fram.

B. Fjöldi akurskoðana skal að minnsta kosti vera:

a) ein fyrir *Avena sativa*, *Hordeum distichum*, *Hordeum polystichum*, *Oryza sativa*, *Phalaris canariensis*, *Triticum aestivum*, *Triticum durum*, *Triticum spelta*, *Secale cereale*;

b) fyrir sykurmaís (*Zea mays* L.) á blómgunartíma:

aa) ein fyrir afbrigði með frjálstri frævun,

bb) þrjár fyrir skyldleikaræktaðar línur eða blendinga.

Ef afbrigði eru ræktuð á akri sem sykurmaís (*Zea mays* L.) hefur verið ræktaður á annaðhvort árið áður eða sama ár skal að minnsta kosti fara fram ein sérstök akurskoðun til að hafa eftirlit með því hvort ákvæðunum sem kveðið er á um í 1. lið þessa viðauka er fullnægt.

C. Stærð, fjöldi og skiptingu þeirra svæða akursins sem skoða á, til að athuga hvort ákvæðum þessa viðauka sé fullnægt, skal ákvarða í samræmi við réttar aðferðir.“

2. II. viðauki verði svohljóðandi:

„II. VIÐAUKI

#### SKILYRÐI SEM SÁÐKORN Á AÐ UPPFYLLA

1. Sáðkorn skal vera ósvikið og hreint miðað við afbrigði eða, þegar um skyldleikaræktaða línu af sykurmaís (*Zea mays* L.) er að ræða, ósvikið og hreint miðað við einkenni. Fyrir sáðkorn frá sykurmaísblendingum (*Zea mays* L.) skulu ákvæðin að framan einnig gilda um þáttaeinkenni.

Einkum skal sáðkorn tegundanna sem taldar eru upp hér á eftir samræmast eftirfarandi stöðlum eða öðrum skilyrðum:

A. *Avena sativa*, *Hordeum distichum*, *Hordeum polystichum*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum*, *Triticum durum*, *Triticum spelta*:

Flokkur	Lágmarks- afbrigðahreininleiki(%)
1	2
Stofnsáðkorn	99,9
Vottað sáðkorn, fyrsti ætliður	99,7
Vottað sáðkorn, annar ætliður	99,0

Eftirlit með því hvort skilyrði um lágmarksafbrigðahreininleika eru uppfyllt skal framkvæmt með akurskoðunum í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

B. Sykurmaís (*Zea mays* L.):

Ef notaður er, við ræktun stofnsáðkorns frá blendingi, kvenþáttur og karlófrjósemisþáttur og kvenþáttur og karlfrjósemisþáttur sem endurnýjar ekki karl-frjósemi skal sáðkorn ræktað:

- annaðhvort með því að blanda fræeiningum í tilheyrandi hlutfalli eftir afbrigði þar sem annars vegar er notaður kvenþáttur og karlófrjósemisþáttur og hins vegar kvenþáttur og karlfrjósemisþáttur,
- eða með því að rækta kvenþáttinn og karlófrjósemisþáttinn og kvenþáttinn og karlfrjósemisþáttinn í viðeigandi hlutfalli við afbrigðið. Hlutfallið milli þessara þátta skal kannað með akurskoðunum sem fara fram í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. Sáðkorn skal samræmast eftirfarandi stöðlum eða öðrum skilyrðum um spírunarhæfni, hreinleika og innihald fræja af öðrum tegundum jurta:

A. Tafla:

Tegundir og flokkur	Lágmarks-spírunarhæfni (% hreins sáðkorns)	Lágmarks-hreinleiki fræja (% af þyngd)	Hámarksinnihald fræja af öðrum tegundum jurta, þar með talið rauð fræ <i>Oryza sativa</i> , í sýni af þyngd sem tilgreind er III. viðauka í 4. dálki (allur dálkurinn)						
			Aðrar tegundir jurta (a)	Rauð fræ af <i>Oryza sativa</i>	Aðrar korn-tegundir	Tegundir jurta aðrar en korntegundir	<i>Avena fatua</i> , <i>Avena sterilis</i> , <i>Avena ludoviciana</i> , <i>Lolium temulentum</i>	<i>Raphanus raphanistrum</i> , <i>Agrostemma githago</i>	<i>Panicum</i> spp.
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
<i>Avena sativa</i> , <i>Hordeum distichum</i> , <i>Hordeum polystichum</i> , <i>Triticum aestivum</i> , <i>Triticum durum</i> , <i>Triticum spelta</i> :									
— stofnsáðkorn	85	99	4		1(b)	3	0(c)	1	
— vottað sáðkorn, fyrsti og annar ættliður	85	98	10		7	7	0(c)	3	
<i>Phalaris canariensis</i> :									
— stofnsáðkorn	75	98	4		1(b)		0(c)		
— vottað sáðkorn	75	98	10		5		0(c)		
<i>Oryza sativa</i> :									
— stofnsáðkorn	80	98	4	2					1
— vottað sáðkorn, fyrsti ættliður	80	98	10	5					3
— vottað sáðkorn, annar ættliður	80	98	15	10					3
<i>Secale cereale</i> :									
— stofnsáðkorn	85	98	4		1(b)	3	0(c)	1	
— vottað sáðkorn	85	98	10		7	7	0(c)	3	
<i>Zea mays</i>	90	98	0						

B. Staðlar eða önnur skilyrði sem eiga við þegar vísað er til þeirra í töflunni samkvæmt A-hluta 2. mgr. þessa viðauka:

- Hámarksinnihald sáðkorns sem mælt er fyrir um í 4. dálki á einnig við um sáðkorn tegundanna í 5. – 10. dálki.
- Sáðkorn af annarri korntegund eru ekki talin til óhreininda ef næsta sýni af sömu þyngd hefur ekki að geyma sáðkorn annarra korntegunda.
- Sáðkorn af *Avena fatua*, *Avena sterilis*, *Avena ludoviciana* eða *Lolium temulentum* í 500 g sýni eru ekki talin til óhreininda ef næsta sýni hefur ekki að geyma sáðkorn þessara tegunda.

3. Skaðlegum lífverum sem draga úr nýtingargildi sáðkorns skal haldið í lágmarki.

Sáðkorn skal einkum uppfylla eftirtalda staðla:

Flokkur	<i>Claviceps purpurea</i> mesti (fjöldi með hnúðum eða vott um hnúða í sýni af þeirri þyngd sem tilgreind er í 4. dálki III. viðauka)
1	2
Stofnsáðkorn	1
Vottað sáðkorn	3 <sup>4</sup>

3. III. viðauki verði svohljóðandi:

„III. VIÐAUKI

**ÞYNGD VÖRUEININGAR OG SÝNIS**

Tegundir	Hámarksþyngd vörueiningar (tonn)	Lágmarksþyngd sýnis sem tekið er úr vörueiningu (grömm)	Þyngd sýnis sem er tekið til að ákvarða fjöldann samkvæmt 4. – 10. dálki A-hluta 2. mgr. II. viðauka og 3. mgr. II. viðauka (grömm)
1	2	3	4
<i>Avena sativa</i> , <i>Hordeum distichum</i> , <i>Hordeum polystichum</i> , <i>Triticum aestivum</i> , <i>Triticum durum</i> , <i>Triticum spelta</i> , <i>Secale cereale</i>	20	1 000	500
<i>Phalaris canariensis</i> :	10	400	200
<i>Oryza sativa</i>	20	500	500
Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> ), stofnsáðkorn frá skyldleikaræktuðum línunum	20	250	250
Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> ), stofnsáðkorn annað en frá skyldleikaræktuðum línunum; vottað sáðkorn	20	1 000	1 000 <sup>4</sup>

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. júlí 1980, samþykkja lög og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að ekki komi til markaðshindrana á sáðkorn af þeirri ástæðu að þessi tilskipun komi til framkvæmda á mismunandi tíma í samræmi við 1. mgr.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. apríl 1978.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Finn GUNDELACH

*varaforseti.*

---